

COCA-COLA EUROPEAN PARTNERS

ALMENNIR SKILMÁLAR VEGNA KAUPA Á VÖRU EÐA ÞJÓNUSTU

Skilmálar þessir gilda um hvers kyns kaup CCEP eða Kaupanda á vörum eða þjónustu, á hvaða tíma sem er, nema CCEP gefi út og báðir aðilar samþykki skriflega sérstök samningsskjöl þar að lútandi (önnur en Pöntun eða Sérstaka skilmála) en í slíku tilviki skulu hin sérstöku samningsskjöl gilda í stað skilmála þessara. Að öllu því leyti sem lög heimila eru hvers kyns aðrir skilmálar útilokaðir nema CCEP samþykki annað skriflega. Til að koma í veg fyrir vafa samþykkir CCEP ekki neinskonar samningsskilmála í skjölum sem afhent eða send eru CCEP, á hvaða tíma sem er, hvort sem þeim er ætlað að koma í stað eða breyta skilmálum þessum og allir skilmálar sem ekki eru tilgreindir í þessu skjali eða samþykktir skriflega af CCEP gilda ekki.

1. Skilgreining og túlkun

1.1 Eftirfarandi orð og orðasambönd hafa eftirfarandi merkingu í þessum skilyrðum nema samhengið krefjist annars:

„Skilmálar“ merkja þessa almennu skilmála saman með öllum Sérstökum skilmálum, Pöntunum eða öðrum skilmálum sem kunna að verða samþykktir frá einum tíma til annars á milli CCEP og birgis/birgja.

Með „Niðritíma“ er átt við tíma (eða samanlagt tímabil) þar sem ekki er hægt að nota framleiðslulínur eða þegar þær eru keyrðar á minni afkastagetu.

„Klukkustundar jafngildi niðritíma“ vísar til fjárhæðar pr. klukkustund sem reiknuð er með tilliti til meðalhagkvæmni og meðalverðs, sem í gildi er á hverjum tíma, fyrir framleiðslulínur CCEP (reiknað hlutfallslega þegar framleiðslulína getur ekki keyrt á fullum afköstum).

„Vörur“ eru þær vörur sem birgir lætur í té til, vegna eða fyrir hönd CCEP ásamt vörum sem birgir lætur í té til, vegna eða fyrir hönd CCEP í tengslum við hvers kyns þjónustu sem birgir veitir CCEP.

„Pöntun“ er hvers kyns pöntun á hvers konar Vörum eða þjónustu sem CCEP leggur fram hjá birgi eða annað skriflegt fyrirkomulag um afhendingu Vöru eða þjónustu birgis til CCEP og felur hún í sér öll önnur skjöl sem um er getið í Pöntun.

„Þjónusta“ merkir verk, þjónusta og niðurstaða þjónustu sem birgir veitir til, vegna eða fyrir hönd CCEP ásamt með hvers kyns þjónustu sem birgir veitir til, vegna eða fyrir hönd CCEP í tengslum við hvers kyns vörur sem birgir kann að útvega CCEP.

„Sérstök skilyrði“ eru öll viðbótarskilyrði sem samþykkt eru á milli CCEP og birgis um afhendingu Vöru og/eða þjónustu birgis, þ.m.t. öll önnur skjöl sem vísað er til í slíkum Sérstökum skilyrðum.

‘The Coca-Cola Company’ felur í sér öll fyrirtæki og rekstrareiningar innan The Coca-Cola Company samstæðunnar.

‘CCEP’ eða ‘Kaupandi’ merkir öll fyrirtæki eða rekstrareiningu innan Coca-Cola European Partners-samstæðunnar, þar á meðal en ekki takmarkað við Coca-Cola European Partners plc, Coca-Cola European Partners Great Britain Limited, Coca-Cola European Partners Services Europe Limited, Coca-Cola European Partners Belgium SPRL, Coca-Cola European Partners Services SPRL, Coca-Cola European Partners Nederland B.V., Coca-Cola European Partners Luxembourg SARL, Coca-Cola European Partners Sverige AB, Coca-

Cola European Partners Norge AS, Coca-Cola European Partners France SAS, Coca-Cola Production SAS, Coca-Cola European Partners Deutschland GmbH, Coca-Cola European Partners Ísland ehf., Coca-Cola European Partners Iberia S.L.U., Compañía Norteña de Bebidas Gaseosas Norbega, S.A.U og Coca-Cola European Partners Services Bulgaria EOOD og hvert móðurfyrirtæki þessara fyrirtækja eða dótturfyrirtæki móðurfyrirtækis þess, í hverju tilviki frá einum tíma til annars.

„Þú“ og „þitt“ vísar til birgisins sem nefndur er í Sérstökum skilyrðum, Pöntun eða öðrum samningi sem gefin er út af CCEP til birgis.

- 1.2 Fyrirsagnirnar í skilmálunum eru aðeins til upplýsinga og hafa ekki áhrif á túlkun þeirra.

2. **Samþykki**

- 2.1 Útgáfa Pöntunar eða Sérstakra skilyrða frá CCEP felur í sér tilboð CCEP um að kaupa Vörur og/eða Þjónustu samkvæmt Skilmálunum.
- 2.2 Samþykki þitt á Pöntun eða Sérstökum skilyrðum eða framkvæmd af þinni hálfu á Pöntun að öllu leyti eða hluta felur í sér að þú hefur samþykkt Skilmálana.
- 2.3 Þú skalt framkvæma allar sanngjarnar breytingar á Pöntuninni sem CCEP hefur sent þér skriflega. Slíkar breytingar skulu framkvæmdar á grundvelli sama verðs, afhendingarskilmála og annarra skilyrða sem finna má í Pöntuninni, nema þú hafir áður leitað skriflegs samþykkis CCEP fyrir einhvers konar breytingum á verði, afhendingarskilmálum eða öðrum skilyrðum.

3. **Gæði vöru**

- 3.1 Allar Vörur verða að vera fullnægjandi hvað gæði varðar og verða að uppfylla kröfur CCEP að fullu, þ.m.t. tilgreindar forskriftir (hvort sem um er að ræða forskriftir CCEP eða The Coca-Cola Company) eða kröfur um magn, gæði, dagsetningu og afhendingartíma, staðla eða lýsingar eða kröfur hvers kyns samninga sem þú kannt að hafa gert við The Coca-Cola Company og sem heimila þér að vera birgir fyrir CCEP. Allar Vörur skulu henta þeim tilgangi sem þær eru afhentar fyrir eða sem þær eru almennt notaðar til. Vörunar verða einnig að vera lausar við galla í hönnun, efni og framleiðslu. Þú verður að tilkynna CCEP án tafar um hvers kyns hugsanlega hættu eða áhættu sem þú veist um eða sem þú telur að geti komið upp í tengslum við flutning, meðhöndlun, framleiðslu, dreifingu eða notkun Vörunnar.
- 3.2 Til viðbótar við önnur réttindi sem CCEP kann að hafa getur CCEP, innan hæfilegs tíma eftir afhendingu, hafnað og skilað til þín, á þinn kostnað, Vörum sem eru gallaðar eða innihalda dulda galla eða sem uppfylla ekki að fullu uppgefnar kröfur eða forskriftir varðandi magn, gæði, dagsetningu og tíma afhendingar, staðla eða lýsingu sem tilgreindar eru í Pöntun, Sérstökum skilyrðum eða á annan hátt, eða sem eru ekki í samræmi við þann tilgang sem þær eru afhentar fyrir eða sem þær eru almennt notaðar til. Til að koma í veg fyrir vafa skal greiðsla skaðabóta ekki hafa takmarkandi áhrif á hvers kyns önnur úrræði sem CCEP gæti búið yfir samkvæmt Skilmálunum.

4. **Gæði þjónustu**

- 4.1 Alla Þjónustu skal inna af hendi samviskusamlega, af kostgæfni, í samræmi við hæstu gæðaviðmið og að fullu í samræmi við kröfur CCEP, þ.m.t. allar tilgreindar forskriftir (hvort sem þær stafa frá CCEP eða The Coca-Cola Company) eða kröfur um staðla, lýsingu, dagsetningu og tímasetningu efnda eða kröfur samninga sem þú kannt að hafa gert við The Coca-Cola Company sem heimilar þér að vera birgir fyrir CCEP. Þú verður að tilkynna CCEP

án tafar um hvers kyns hugsanlega hættu sem þú veist um eða sem þú telur að geti komið upp í tengslum við veitingu Þjónustunnar.

- 4.2 Þú skalt afhenda alla vinnu, verkfæri, búnað og efni sem þarf til að framkvæma Þjónustuna. Ef Þjónustan hefur farið fram á starfsvæði CCEP samþykkir þú að skilja við svæðið hreint og snyrtilegt þegar Þjónustunni er lokið.
- 4.3 Þú tryggir að allt starfsfólk sem framkvæmir Þjónustuna („Starfsmenn“) séu vel þjálfaðir og búi yfir nauðsynlegri færni, reynslu og hæfni til að framkvæma þjónustuna. Þú samþykkir að CCEP áskilur sér rétt til að neita að taka á móti, eða fjarlægja, Starfsmenn af starfsvæði CCEP. Þú skalt, að kröfu CCEP, fjarlægja Starfsmenn Þjónustunnar ef þess er óskað.
- 4.4 CCEP getur neitað að greiða fyrir Þjónustu sem uppfyllir ekki kröfur CCEP, þar á meðal áskildar forskriftir eða kröfur um staðla, lýsingar eða dagsetningu og tíma efnda.

5. **Skaðabótaábyrgð**

- 5.1 Þú berð ábyrgð á og skalt að fullu halda CCEP skaðlausu vegna hvers kyns ábyrgða, tjóns, kostnaðar, krafna, útgjalda (þ.m.t. lögfræðikostnaðar) og annarra krafna sem CCEP getur orðið fyrir og sem á einhvern hátt eiga rætur sínar að rekja til:
 - hvers kyns misbrestar af þinni hálfu við að fylgja Skilmálunum, hvers konar galla í Vörunni eða í framkvæmd Þjónustunnar, og
 - dauða eða líkamstjóns starfsmanna þinna, fulltrúa eða undirverktaka á meðan fengist er við eitthvað sem tengist afhendingu á Vörunni eða Þjónustunni.
- 5.2 Eina undantekningin í hverju tilviki er (i) tjón, tap eða líkamstjón af völdum vísvitandi athafna eða athafnaleysis af hálfu CCEP eða stórfellds gáleysis CCEP eða einhvers af viðurkenndum fulltrúum CCEP; eða (ii) ábyrgð sem CCEP kann að bera gagnvart þér.

6. **Afhending og frammistaða**

- 6.1 Þú samþykkir að afhenda Vörunnar eða Þjónustuna á réttum tíma til CCEP í samræmi við Pöntun, Sérstök skilyrði eða í samræmi við sanngjörn tilmæli sem CCEP kann að beina skriflega til þín frá einum tíma til annars og þú samþykkir að allar tímasetningar sem eru tilgreindar í Skilmálunum eða tilkynntir eru þér af CCEP vegna afhendingu Vörunnar eða Þjónustunnar skulu teljast þýðingarmiklar.
- 6.2 CCEP hefur rétt til að skoða pantaðar Vörur við framleiðslu, umbreytingu eða í vörugeymslu.
- 6.3 Ef CCEP hefur rökstudda ástæðu til að ætla að þú getir ekki uppfyllt Skilmálana getur CCEP krafist frekari ábyrgða frá þér.
- 6.4 CCEP áskilur sér rétt, með sanngjörnum fyrirvara, til að breyta tíðni á afhendingu Vörunnar eða þeim tíma sem Þjónustan á að vera framkvæmd. CCEP verður ekki krafíð um kostnað vegna slíkra breytinga nema fyrir liggja skriflegt samþykki CCEP fyrir því.
- 6.5 Afhending Vörunnar eða Þjónustunnar fyrir samþykktu dagsetningu má aðeins eiga sér stað á grundvelli fyrirfram, skriflegs samþykkis CCEP. Slíkt samþykki um snemmbúna afhendingu skal ekki breyta samþykktum greiðsluskilmálum.
- 6.6 Þú samþykkir að tilkynna CCEP þegar í stað ef líklegt er að tafir verði á afhendingu Vörunnar eða á þeim tíma sem Þjónustan verður framkvæmd og tilgreina um leið áætlaða tímalengd tafar.

- 6.7 CCEP getur felld niður allar Pantanir sem gerðar hafa verið á Vörum eða Þjónustu ef afhending eða framkvæmd á sér ekki stað á þeim degi og tíma sem tilgreindur er í Pöntuninni án þess að slíkt varði CCEP bótaskyldu en CCEP samþykkir að greiða fyrir Vöru eða Þjónustu sem uppfyllir kröfur Pöntunar ef slík hlutaafhending eða framkvæmd þjónustu að hluta nýtist CCEP. Þessi réttur til afpöntunar kemur til viðbótar við önnur réttindi sem CCEP kann að hafa.
- 6.8 Ef ekki liggur fyrir skriflegt samþykki CCEP um annað skalt þú flytja Vörurnar á eigin kostnað á afhendingarstaðinn sem tilgreindur er í Pöntuninni eða í Sérstökum skilyrðum. Allar Vörur og hvers kyns umbúðir sem innihalda Vörurnar verða að vera greinilega merktar með pöntunarnúmeri CCEP, upplýsingum um innihald (þ.m.t. magn og lýsingu) og nafni þínu ásamt öðrum upplýsingum sem CCEP kann að hafa óskað eftir eða krafist er samkvæmt gildandi lögum, þ.m.t. en ekki takmarkað við kröfur um rekjanleika. Vörur verða einnig að fylgja öllum leiðbeiningum um merkingar og auðkennum sem tilgreind eru í Pöntuninni eða sem komið hefur verið á framfæri við þig á annan hátt af CCEP.
- 6.9 Ef þú uppfyllir með einhverjum hætti ekki skyldur þínar samkvæmt Skilmálunum og ef það verður til þess að CCEP, annaðhvort beint eða óbeint, verður fyrir Niðritíma þá hefur CCEP rétt til, samkvæmt einhliða mati CCEP, að krefjast skaðabóta (mældar á grundvelli raunverulegrar foráætlunar á tjóni CCEP en ekki sem viðurlög) á kjörum sem jafngilda viðeigandi Klukkustundar jafngildi niðritíma fyrir hverja klukkustund eða part af einni klukkustund vegna slíkrar vanefndar og aðilar samþykkja hér með að framangreint feli í sér raunverulega foráætlun á tjóni CCEP en ekki viðurlög. Til að koma veg fyrir vafa skal tekið fram að greiðsla skaðabóta af framangreindu tagi skal ekki hafa takmarkandi áhrif á önnur vanefndaúrræði sem CCEP kann að búa yfir samkvæmt Skilmálunum.
- 6.10 CCEP skal á hverjum tíma vera heimilt að framkvæma endurskoðun á afhendingu Varanna sem þú hefur látið í té. Slík endurskoðun verður framkvæmd af sanngirni og verður tilkynnt þér með hæfilegum fyrirvara þannig að þú getir verið viðstaddur hana ef þú óskar þess. Endurskoðunin verður framkvæmd á eftirfarandi hátt:
- CCEP mun taka viðkomandi afhendingu til hliðar og þér verður tilkynnt um hvenær endurskoðun mun fara fram. Á þeim tíma verður afhendingin opnuð og könnun gerð á magni og gæðum m.t.t. Forskriftarinnar, Skilmálanna og annarra skilyrða sem samþykkt hafa verið á milli CCEP og þín („Afhendingarviðmiðin“).
 - Ef þú ert viðstaddur endurskoðunina verður niðurstaða hennar og hlutfallslegur skortur á afhentum Vörum, þ.e. hlutfall af fjölda afhentra Vara sem uppfyllir ekki Afhendingarviðmiðin („Hlutfallslegur skortur“), tilkynntur samstundis. Skýrslan verður undirrituð af CCEP og þér.
 - Ef þú ert ekki viðstaddur endurskoðunina mun CCEP tilkynna þér um niðurstöður hennar, þ.m.t. Hlutfallslegan skort (ef einhver er). Tilkynntar niðurstöður endurskoðunarinnar teljast samþykktar af þér.
 - Ef hinar afhentu Vörur eru ekki í samræmi við Afhendingarviðmiðin í tvö skipti á einhverju þriggja mánaða tímabili mun CCEP tilkynna þér um meðaltal Hlutfallslegs skorts sem komið hefur fram í athugunum sem fram hafa farið á slíku þriggja mánaða tímabili. CCEP er heimilt að draga upphæð frá reikningum, sem lagðir eru fram af þér, sem reiknuð er með hliðsjón af sama prósentuhlutfalli allra fjárhæða sem þú hefur gert CCEP reikning fyrir í reikning á þriggja mánaða tímabilinu frá því síðasta athugun var gerð á viðkomandi þriggja mánaða tímabili eða krefja þig um þá fjárhæð. Meðaltal Hlutfallslegs skorts er reiknað með því að deila summu alls Hlutfallslegs skorts sem komið hefur fram á viðeigandi þriggja mánaða tímabili með þeim fjölda athugana sem framkvæmdar eru á sama tímabili.

7. **Eignayfirfærsla og flutningur áhættu til CCEP**

- 7.1 Eignarréttur og áhætta á vörum helst hjá þér þar til vörurnar eru afhentar CCEP af þér á afhendingarstaðnum sem tilgreindur er í Pöntuninni eða Sérstökum skilyrðum og CCEP hefur staðfest móttöku á afhendingu skriflega. Á meðan eignarhald vörunnar liggur hjá þér skalt þú tryggja vörurnar með fullnægjandi hætti hjá viðurkenndu váttryggingafélagi og þú viðurkennir að greiðsla skal ekki fara fram af hendi CCEP ef og að því marki sem tryggingakrafa er gerð í tengslum við vörurnar. Eftir þennan tíma mun CCEP eiga og bera ábyrgð á vörunni hvort sem greiðsla hafi farið fram eður ei. Þetta hefur ekki áhrif á rétt CCEP til að hafna vörum.
- 7.2 Ef CCEP greiðir fyrirfram fyrir tiltekna vöru, þá mun CCEP eiga vörurnar frá þeim tíma sem slík greiðsla er gerð. Til að koma í veg fyrir vafa munt þú bera áhættu af vörunum og tryggja þær á fullnægjandi máta hjá viðurkenndum váttryggjanda þar til þær eru afhentar CCEP af þér á afhendingarstaðnum sem tilgreindur er í Pöntuninni og CCEP hefur skriflega staðfest móttöku á afhendingu.

8. **Verð og skuldajöfnun**

- 8.1 Þegar Pöntun eða Sérstök skilyrði sem gefin eru út af CCEP hafa verið samþykkt af þér getur þú ekki hækkað verð á vöru eða þjónustu, hvort sem það stafar af auknum efniskostnaði, launakostnaði eða á annan hátt nema CCEP hafi samþykkt slíkt skriflega.
- 8.2 CCEP áskilur sér rétt til að draga frá peninga sem þú kannt að skulda CCEP (þar á meðal lögfræðikostnað og vexti) af þeim peningum sem CCEP kann að skulda þér.
- 8.3 Verð vörunnar skal innifela öll gjöld fyrir umbúðir, pökkun, flutning, tryggingu og afhendingu vörunnar á afhendingarstað og verð vörunnar og/eða þjónustunnar skal innihalda virðisaukaskatt og aðrar skatta eða tolla.

9. **Greiðsluskilmálar**

- 9.1 CCEP getur hafnað skriflega reikningum fyrir vörur eða þjónustu ef þau eru ekki í samræmi við Skilmálana innan 60 daga frá móttöku þeirra.
- 9.2 Ef annað er ekki tekið fram skriflega skulu reikningar vera afhentir CCEP á eða fyrir 5. dag næsta mánaðar sem varan eða þjónustan hefur verið afhent í samræmi við Skilmálana. Réttir reikningar verða að tilgreina eftirfarandi:
- Innkaupsþöntunarnúmer eða gilt nafn á tengilið hjá CCEP
 - Bankareikning (IBAN) þann sem millifæra á fjármuni á
- 9.3 Ef þessar upplýsingar vantar verður það til þess að reikningi er hafnað og tafir verða á greiðslu.
- 9.4 Réttar kreditnótur tilgreina það reikningsnúmer sem þær tengjast.
- 9.5 Allar reikningar sem lagðir eru fram til CCEP verða að uppfylla lágmarkskröfur löggjafar ESB eða EES. Ef reikningar uppfylla ekki viðmiðin mun það leiða til höfnunar þeirra og tefja greiðslu.
- 9.6 Þetta þýðir að ef skilmálunum hefur verið rétt fylgt þá greiðir CCEP alla rétta reikninga þrjátíu og fimm (35) dögum eftir lok þess mánaðar sem líðandi er þegar reikningur er gefinn út nema annað gildi samkvæmt gildandi lögum eða ef skriflega er samið um annað milli aðila. Listi yfir

Þessar undanþágur er tiltækur á eftirfarandi hlekk: <https://www.ccep.is>

Ef greiðsludagur er um helgi eða á almennum frídegi fer greiðsla fara fram næsta virka dag eftir helgi eða almennan frídag. Þú samþykkir að sýna virðisaukaskatt, þar sem við á, á öllum reikningum sem gefnir eru út á CCEP.

- 9.7 CCEP greiðir þér með bankamillifærslu, nema CCEP samþykki skriflega að greiða þér á annan hátt. Þú samþykkir að veita CCEP upplýsingar um bankareikninginn þinn þegar CCEP óskar eftir því, eða hvenær sem þessar upplýsingar um bankareikninginn eru uppfærðar.
- 9.8 Ef CCEP greiðir ekki fjárhæð innan 30 daga frá ofangreindum greiðsluskilmálum, hefur þú rétt til að innheimta vexti af CCEP vegna tímabilsins frá gjalddaga greiðslunnar til dagsetningar raunverulegrar greiðslu, nema ástæðu greiðsludráttar sé að rekja til raunverulegs ágreinings. Ef þú ert heimilisfastur á Íslandi skulu vextir á hverjum tíma jafngilda vöxtum Seðlabanka Íslands í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

10. **Fylgni við löggjöf**

- 10.1 Þú ábyrgist að vörur og þjónusta (þar með talin öll efni í sambandi við vörur) sem þú útvegar samkvæmt þessum Skilmálum, og að framleiðsla, þökkun, afhending og dreifing slíkra vara og árangur slíkrar þjónustu af þér, starfsmönnum þínum, fulltrúum og undirverktökum, uppfylli:
- Öll gildandi lög á landsvísu, staðbundin og/eða innan ESB/EES; þ.m.t. en ekki takmarkað við löggjöf gegn mútum, vinnulöggjöf (þ.m.t. en ekki takmarkað við atvinnuleyfi, öryggismál, ákvæði um slysavarnir, dulbúið vinnuafli, þrælahald og mansal, atvinnu erlendra starfsmanna, jafnrétti og laun, bætur og/eða önnur vinnuskilyrði), umhverfi, skatta og almannatryggingar, gagnavernd og matvæli;
 - Allar reglur og viðmið innan iðnaðar og hjá yfirvöldum, þar á meðal en ekki takmarkað við, reglugerðir sem varða efni og hluti sem komast í snertingu við matvæli og ráðningu starfsmanna;
 - Allar kröfur um heilsu og öryggi sem CCEP kann að tilkynna þér um frá einum tíma til annars, þar á meðal, en ekki takmarkað við, allar reglur um öryggi og vinnusvæði og tilkynningar sem CCEP birtir á vinnusvæðum sínum á hverjum tíma;
 - Supplier Guiding Principles hjá CCEP sem eru birtar og uppfærðar öðru hverju á www.ccep.com, sem þú staðfestir, með samþykkt Skilmálanna, að þú hafir lesið og skilið og að þú uppfyllir þau að fullu.
- 10.2 Þú ert ábyrgist gagnvart CCEP að þú veitir starfsmönnum þínum (og skalt sjá til þess að allir undirverktakar eða fulltrúar hvers starfsmenn taka þátt í veitingu þjónustunnar skulu veita slíkum starfsmönnum) laun, bætur, fríðindi og/eða önnur vinnuskilyrði sem þeir eiga rétt á samkvæmt samningi og/eða samkvæmt gildandi lögum og ákvæðum þessara Skilmála.
- 10.3 Þú ábyrgist að þú munt ekki (og skalt sjá til þess að allir undirverktakar eða fulltrúar hvers starfsmenn taka þátt í veitingu þjónustunnar skulu ekki) mismuna eða leyfa mismunun gegn einstaklingi eða hópi einstaklinga á nokkurn hátt sem bönnuð er samkvæmt lögum ESB/EES, lögum á landsvísu, héraðsvísu eða staðarvísu.
- 10.4 Þú ábyrgist og skuldbindur þig í garð CCEP að hvorki þú né nokkur annar í aðfangakeðju þinni notast við mansal, vinnu barna eða nauðungarvinnu eða hefur reynt að nota mansal, vinnu barna eða nauðungarvinnu í aðfangakeðju sinni.

- 10.5 Þú samþykkir að ganga úr skugga um, áður en vinna hefst á einhverju starfssvæði okkar, að starfsmönnum þínum, fulltrúum og undirverktökum hafi verið gerð grein fyrir öllum viðeigandi heilsu- og öryggiskröfum sem CCEP kann að tilkynna þér um frá einum tíma til annars, þar á meðal en ekki takmarkað við allar öryggisreglur CCEP og reglur á vinnusvæði. Þú skalt vera og ert að fullu ábyrgur og bótaskyldur fyrir verkum, vanrækslu og stjórnun alls vinnuafls. Þú skuldbindur þig til að fara eftir (og tryggja að allir undirverktakar eða fulltrúar hvers starfsmenn framkvæma þjónustuna hér að neðan skulu ávallt fara eftir) reglugerðum um vinnuvernd, almannatryggingar, skatta og atvinnurekstur sem gilda um allt vinnuafli.
- 10.6 Þú viðurkennir og ábyrgist að allir starfsmenn sem hafa, höfðu eða kunna að hafa með höndum veitingu þjónustunnar hafa ekki (og munu ekki hafa) bein tengsl við og eru ekki (og munu ekki verða, við upphaf, á meðan eða þegar þjónustunni lýkur) starfsmenn eða fulltrúar CCEP, hvort sem slíkt er í samræmi við landslög, sem eftir atvikum eru byggð á tilskipunum ESB, eða á annan máta.
- 10.7 Þú tryggir að allir starfsmenn hafi rétt til að starfa í því landi þar sem þeir eru að sinna þjónustu og að þú (og allir þriðju aðila vinnuveitendur eða birgjar slíkra starfsmanna) hafi farið að öllum viðeigandi innflytjendalögum.
- 10.8 Þú samþykkir að veita CCEP, innan skynsamlegra marka, sönnun á fylgni þinni við 10.1 - 10.7, ef þess er krafist og að veita CCEP sanngjarna aðstoð til að framkvæma allar aðgerðir sem krafist er af eftirlitsaðilum til að uppfylla kröfur um reglur gegn þrælահaldi eða innflytjendareglur.
- 10.9 Þú skalt að fullu bæta og halda CCEP skaðlausu gegn hvers kyns ábyrgð, kostnaði (þ.m.t. lögfræðikostnaði), tapi, tjóni, viðurlögum og sektum, og kröfum (þ.m.t. en ekki takmarkað við kröfur frá starfsmönnum sem sinna framkvæmd þjónustunnar, yfirvöldum atvinnumála, skattayfirvöldum, matvælayfirvöldum og/eða öðrum yfirvöldum) (sameiginlega nefnt „Bótaskylda“) sem CCEP getur orðið fyrir vegna þess að þú uppfyllir ekki ábyrgðir í greinum 10.1 - 10.7. Án takmarkana, ef atvinna starfsmanna er flutt til eða er sögð hafa verið flutt til til CCEP með vísan til ESB réttar eða á grundvelli innlendar löggjafar, skal CCEP eiga rétt á að ljúka ráðningu slíkra starfsmanna innan hæfilegs tíma og þú skalt halda CCEP skaðlausu í samræmi við þessa málsgrein að því er varðar launakostnað, uppsagnarkostnað eða aðrar skuldbindingar sem CCEP getur orðið fyrir vegna slíks flutnings eða kröfu um flutning atvinnu.
- 10.10 Þú samþykkir að útvega öll nauðsynleg skjöl, þýdd á staðbundnu tungumáli, í samræmi við gildandi lög að beiðni CCEP.

11. **Brot**

- 11.1 Ef þú brýtur verulega gegn Skilmálunum eða brýtur óverulega gegn Skilmálunum og lagfærir ekki slíkt óverulegt brot innan sjö (7) daga frá móttöku skriflegrar tilkynningar frá CCEP um úrbætur getur CCEP frestað framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt Skilmálunum og/eða litið svo á að þeir séu fallnir niður án frekari fyrirvara.
- 11.1 Án takmörkunar hvað varðar beitingu hvers kyns annarra úrræða, ef einhverjar vörur eða þjónusta er ekki afhent í samræmi við Skilmálana, getur CCEP krafist afhendingar á öðrum vörum eða þjónustu í staðinn eða krafist endurgreiðslu.
- 11.2 Hver aðili hefur rétt til að rifta Skilmálunum samkvæmt gildandi landslögum án bótaskyldu ef gagnaðili er tekinn til gjaldþrotaskipta, verður gjaldþrota, verður ófær um að greiða skuldir sínar í venjulegum viðskiptum, fer í slitameðferð, ef tilsjónarmaður er skipaður yfir öllum eða verulegum hluta eigna gagnaðila eða hann á annan hátt telst ógjaldfær samkvæmt lögum landsins þar sem gagnaðili hefur aðsetur.

12. Afpöntun

CCEP getur afpantað Pöntun og slitið Skilmálunum um veitingu vörunnar eða þjónustunnar hvenær sem er með skriflegum og hæfilegum fyrirvara. Ef CCEP gerir þetta samþykkir CCEP að greiða þér sanngjarnt verð fyrir allar vörur sem þú hefur afhent (og sem CCEP hefur ekki hafnað) og fyrir allar þjónustu sem þú hefur framkvæmt í samræmi við kröfur CCEP fram að tíma afpöntunar eða slita á Skilmálunum. CCEP mun ekki bera ábyrgð gagnvart þér vegna neins konar kostnaðar, tjóns eða taps sem þú kannt að verða fyrir vegna þessa.

13. Hugverkaréttur

- 13.1 Þú ábyrgist að veiting þín til CCEP á vörum og þjónustu mun ekki brjóta gegn neinum einkaleyfum, vörumerkjarétti, höfundarrétti eða hönnun eða öðrum hugverkarétti eða tengdum réttindum.
- 13.2 Þú samþykkir að halda CCEP skaðlausu að fullu hvað varðar skaðabætur, kostnað (þ.m.t. lögfræðikostnað) tapi eða tjón sem CCEP getur orðið fyrir vegna brots á ábyrgð þinni í 13.1.
- 13.3 Allur hugverkaréttur og þekking (know-how) sem kann að verða til í tengslum við vörur eða þjónustu sem falla undir Skilmálana mun tilheyra CCEP sem þar af leiðandi mun halda öllum réttindum til endurframleiðslu, framsetningar og aðlögunar. Þú samþykkir (i) að miðla réttindunum strax til CCEP; (ii) viðhalda trúnaði vegna þeirra að fullu; (iii) að leggja ekki fram umsókn um skráningu þeirra; og (iv) að framsetja til CCEP öllum eignarrétti varðandi þessa þekkingu og hugverkarétt, þ.m.t. öll einkaleyfi, vörumerki, höfundarrétt, hönnun eða annan hugverkarétt án kostnaðar fyrir CCEP.
- 13.4 CCEP kann að útvega þér eða greiða fyrir efni sem notast við einkaleyfi, vörumerki, höfundarrétt, hönnun eða annan hugverkarétt eða þekkingu. Þú samþykkir að nota ekki, afrita, birta eða endurskapa þennan hugverkarétt, upplýsingar og efni án þess að fá fyrst skriflegt leyfi frá CCEP. Þú samþykkir að skila CCEP öllum þessum hlutum og afritum sem þú gætir hafa gert þegar CCEP óskar eftir því án endurgjalds fyrir CCEP og í öllum tilvikum um leið og Skilmálunum er slitið, sama hver ástæðan er.

14. Trúnaður

- 14.1 Öll skjöl, upplýsingar, áætlanir, teikningar og aðrar upplýsingar sem CCEP kann að veita þér er eign CCEP. Þú samþykkir að varðveita allar upplýsingar sem þú kannt að fá frá CCEP sem trúnaðarmál og ekki afhenda til neins nema CCEP hafi samþykkt annað skriflega, þér ber lagaskylda til þess eða upplýsingarnar eru tiltækar í almenningi.
- 14.2 Hvorki þú né CCEP mun birta eða gefa út opinbera yfirlýsingu um Skilmálana án þess að skriflegt samþykki gagnaðila hafi verið veitt.
- 14.3 Þú samþykkir að þú tryggir að farið eftir 13, 14.1 og 14.2 af starfsmönnum þínum, fulltrúum og undirverktökum.

15. Gagnavernd

- 15.1 Þér ber að fylgja öllum viðeigandi lögum um gagnavernd í tengslum við skuldbindingar þínar samkvæmt þessum Skilmálum. Að því er varðar þetta ákvæði 15 skulu „Persónuupplýsingar“ bera þá merkingu sem er að finna í lögum um gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga og að því er varðar ákvæði 15.2 til 15.4 hér að neðan skulu þær eiga við vinnslu Persónuupplýsinga af þinni hálfu vegna eða fyrir hönd CCEP samkvæmt Skilmálunum.

15.2 Ef þú hefur með höndum vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt þessum Skilmálum vegna eða fyrir hönd CCEP skalt þú, á þinn eigin kostnað:

- (a) vinna persónuupplýsingarnar í samræmi við leiðbeiningar CCEP samkvæmt þessum Skilmálum og ekki í neinum öðrum tilgangi;
- (b) ekki birta Persónuupplýsingarnar eða upplýsingar sem eru dregnar úr Persónuupplýsingunum til þriðja aðila án þess að hafa fyrirfram skriflegt samþykki CCEP;
- (c) ekki valda því að CCEP brjóti í bága við lög um gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga;
- (d) skila aftur til CCEP og/eða eyða varanlega og þurrka út af upplýsingatæknikerfum, netum og búnaði öllum afritum af persónuupplýsingum sem eru í vörslu þinni eða undir þinni stjórn á þinn kostnað, gegn beiðni CCEP; og
- (e) framkvæma viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir gegn óheimilaðri eða ólöglegri vinnslu Persónuupplýsinga og gegn missi eða eyðingu á Persónuupplýsingum sem á sér stað fyrir slysi eða skemmdum á Persónuupplýsingum eins og þú værir ábyrgðaraðili vegna Persónuupplýsinga í samræmi við lög um gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga og skalt veita CCEP allar upplýsingar sem CCEP óskar eftir í tengslum við þær tæknilegu og skipulagslegu ráðstafanir sem þú hefur innleitt og þú skalt án tafar verða við öllum beiðnum sem gerðar eru af CCEP til að tryggja að tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir séu í samræmi við lög um gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga.
- (f) Til viðbótar við trúnaðarkröfurnar sem getið er um í ákvæði 14.3 skalt þú tryggja að einstaklingar sem vinna Persónuupplýsingarnar hafi hlotið viðeigandi þjálfun í samræmi við gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga áður en þeir hófu störf á því sviði;
- (g) þú skalt ekki flytja eða vinna á annan hátt Persónuupplýsingar fyrir utan (a) Evrópska efnahagssvæðið eða b) utan þeirra svæða sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur beinlínis komist að niðurstöðu um búi við fullnægjandi aðstæður hvað varðar gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga, nema með fyrirfram skriflegu samþykki CCEP og í samræmi við hvers kyns viðbótarskilmála sem CCEP getur sett á varðandi slíkan flutning. Framangreind skilyrði þessa ákvæðis eiga við um hvers kyns áframflutning frá slíkum leyfilegum svæðum.

15.3 Þú skalt veita alla sanngjarna aðstoð og upplýsingar til CCEP eða samkvæmt beiðni CCEP til þriðja aðila (ef við á) til að sýna fram á fylgni við lög um gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga. Þú samþykkir sérstaklega að veita þá aðstoð sem þörf kann að vera fyrir til að gera CCEP kleift að:

- (a) sýna fram á að þú hafir uppfyllt skyldur þínar samkvæmt þessum Skilmálum;
- (b) verða við beiðnum um aðgang að efni frá einstaklingum sem upplýsingar varða;
- (c) bregðast við beiðnum um upplýsingar eða stjórnsýslutilkynningum sem beint er að CCEP af viðeigandi stjórnvaldi;
- (d) bregðast við kvörtunum frá einstaklingum sem upplýsingar varða.

15.4 Ef þú verður var/vör við brot á gagnaöryggi eða öðru viðeigandi atviki sem hefur áhrif á öryggi eða heilleika persónuupplýsinga (persónuupplýsingabrot) skalt þú:

- (a) upplýsa CCEP um slíkt tafarlaust, og í öllum tilvikum innan 24 klukkustunda frá viðkomandi persónuupplýsingabroti;
- (b) veita CCEP allar viðeigandi upplýsingar um brotið sem nýtast við rannsókn CCEP og/eða viðeigandi stjórnvalds;
- (c) veita CCEP allar aðrar upplýsingar sem krafist er af CCEP í því skyni að gera viðeigandi stjórnvöldum viðvart og
- (d) gera hverjar þær ráðstafanir sem CCEP óskar eftir, innan skynsamlegra marka, til að koma böndum á og bregðast við broti á persónuupplýsingum.

15.5 Þegar þú veitir upplýsingar til CCEP samkvæmt þessum Skilmálum (þ.m.t. persónuupplýsingar), staðfestir þú og samþykkir að:

- (a) CCEP getur meðhöndlað og unnið úr slíkum gögnum í tengslum við viðskiptasambandið á milli þín og CCEP, þ.m.t. til að framkvæma eða slíta þessum Skilmálum;
- (b) CCEP er heimilt að flytja slík gögn til viðurkenndra utanaðkomandi þjónustuveitenda til vinnslu að því marki sem það er nauðsynlegt til að framfylgja þessum Skilmálum - t.d. til reikningagerðar og
- (c) CCEP er heimilt að flytja slík gögn til vinnslu til svæða utan Evrópska efnahagssvæðisins;

Og þú staðfestir að þú hafir allar nauðsynlegar heimildir og samþykktir til að láta CCEP í té slík gögn í framangreindum tilgangi.

15.6 „Lög um **Gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga**“ vísar til tilskipunar um gagnavernd (95/46/EB), tilskipun um persónuvernd og fjarskipti (2002/58/EB) og öll gildandi lög og reglugerðir varðandi vinnslu persónuupplýsinga og persónuvernd (þar með talið, þar sem við á, þær leiðbeiningar og starfsreglur sem gefnar eru út af hverju valdbæru stjórnvaldi) og skal taka til almennu gagnaverndarreglugerðarinnar (2016/679/ESB) þegar hún öðlast gildi. „**Persónuupplýsingar**“ skal hafa þá merkingu sem lýst í lögum um gagnavernd og meðferð persónuupplýsinga.

16. **Auglýsingar**

Þú samþykkir að nota ekki viðskiptatengsl á milli þín og CCEP, heiti CCEP eða viðskiptahætti né nein skráð eða óskráð vörumerki sem CCEP kann að nota í markaðs- eða auglýsingaskyni, án fyrirfram skriflegs samþykkis CCEP.

17. **Viðbragðsleysi vegna eldri brota**

CCEP getur gripið til aðgerða gegn þér ef þú brýtur gegn þessum Skilmálum jafnvel þótt CCEP hafi ekki tekið til neinna aðgerða gegn þér áður þegar þú hefur brotið gegn þessum Skilmálum.

18. **Gildandi lög og lögsaga**

Lög þess lands þar sem sú eining CCEP, sem aðild á að samningi, á heimilisfesti, gilda um þessa Skilmála og alla samninga á milli þín og CCEP.. Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um alþjóðleg lausafjárkaup, (CISG-Vienna, 1980) er undanskilinn. Þú samþykkir að úr öllum ágreiningi á milli þín og CCEP verði leyst af dómstólum þess lands þar sem sú eining CCEP, sem aðild á að samningi, á heimilisfesti.

19. **Fullnusta og samningsrof**

Ef eitt eða fleiri ákvæði þessara Skilmála eru metin, í heild eða að hluta, ógild eða óframkvæmanleg lögum samkvæmt af valdbærum dómstól skulu slík ákvæði eða hluti þeirra ekki teljast vera hluti af þessum Skilmálum að því leyti sem við á en gildi eða fullnustuhæfi Skilmálanna að öðru leyti skal vera óraskað. Í slíku tilfelli sem þessu skulu aðilar eiga viðræður í góðri trú um breytingar á þeim ákvæðum sem um ræðir þannig að ákvæðin, eftir breytingu, séu gild og lögleg og að þau, að öllu því marki sem unnt er, endurspegli upphaflegan vilja aðila hvað varðar þau atriði sem um er að ræða.

Ef ákvæði Sérstöku skilyrðanna rekast á og eru ósamþýðanleg ákvæðum almennu Skilmálanna skulu Sérstöku skilyrðin ganga framár.

20. **Tilkynningar**

- 20.1 Tilkynningar sem þér eða CCEP er heimilt eða skylt að senda samkvæmt Skilmálunum skulu vera skriflegar og stílaðar á skráð heimilisfang skrifstofu gagnaðila eða aðalaðsetur eða það annað heimilisfang sem gagnaðilinn kann að hafa tilkynnt um.
- 20.2 Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt Skilmálunum skulu teljast vera móttækjar ef þær eru afhentar persónulega eða sendar í almennum pósti eða tölvupósti á það heimilisfang sem við á samkvæmt ákvæði 20.1. Liggi ekki fyrir sönnun um annað skal slík tilkynning teljast móttækin:
- þegar hún er skilin eftir á því heimilisfangi sem við á samkvæmt ákvæði 20.1, ef tilkynning er afhent persónulega;
 - að liðnum 2 dögum frá póstlagningu ef tilkynning er send með almennum pósti; og
 - ef tilkynning er send með tölvupósti, daginn sem tölvupóstur er móttækin.

21. **Framsal**

Skilmálarnir og allir samningar sem gerðar eru samkvæmt þeim eru persónulegir fyrir þig og þér er óheimilt að framselja samninginn, í heild eða að hluta, til undirverktaka eða á neinn annan hátt láta af hendi neinar skyldur þínar til neins þriðja aðila án fyrirfram skriflegs samþykkis CCEP. Ef CCEP veitir slíkt samþykki er þér enn skylt að uppfylla Skilmálana. CCEP er frjálst að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt skilyrðunum að sinni vild.

22. **Réttarstaða sjálfstæðra samningsaðila**

Aðilar eru sjálfstæðir samningsaðilar gagnvart hvorum öðrum og ekkert í þessum Skilmálum skal túlkað þannig að aðilar teljist vera samstarfsaðilar, fjárvörsluaðilar, umboðsmenn eða að þeir reki sameiginlegt fyrirtæki eða áhættuverkefni (joint venture).

23. **Fullnusta af hálfu þriðja aðila**

Engum öðrum en CCEP og þér skal teljast heimilt að krefjast fullnustu á ákvæðum þessara Skilmála.

24. **Túlkun og breytingar**

Tilvísanir í löggjöf, lög eða lagaákvæði fela í sér tilvísun til þeirra ákvæða eins og þeim kann að verða breytt eða þeim skipt út í stað annarra laga eða lagaákvæða að öllu leyti eða hluta og eins og beiting þeirra kann að þróast frá einum tíma til annars. Allar tilvísanir til laga fela í sér tilvísanir til reglna og reglugerða sem settar eru með stoð í slíkum lögum.

Hvers kyns breytingar á þessum Skilmálum skulu tilkynntar þér. Þær skulu teljast samþykktar nema þú sendir andmæli innan sex vikna frá tilkynningu um breytingar til CCEP. Þetta skal áréttað sérstaklega af CCEP við tilkynninguna.